

## **14770 Húsnæði undir fangelsi óskast til leigu fyrir Fangelsismálastofnun.**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið óskar eftir að taka á leigu húsnæði til tveggja ára, með möguleika á framlengingu, undir fangelsi. Gerð er krafa um að húsnæðið sé utan þéttbýlis. Nauðsynlegt er að fjarlægð frá Litla-Hrauni sé ekki meiri en svo að möguleikar séu á að samnýta þjónustu við fangelsið. Húsnæðið skal rýma 16-26 einstaklinga í einstaklings- og/eða tveggja manna herbergjum.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is) þriðjudaginn 22. september 2009.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 14770 skulu sendar á netfangið [utbod@rikiskaup.is](mailto:utbod@rikiskaup.is) og verða svör birt á vef Ríkiskaupa. Fyrirspurnarfrestur rennur út föstudaginn 25. september en svarfrestur er til og með þriðjudeginum 29. september 2009.

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en **fimmtudaginn 1. október 2009.**